

Nefndarsvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

TÞH/lS

Reykjavík 13. mars 2017

Efni: Umsögn RARIK ohf. um þingsályktunartillögu um aðgerðaráætlun um orkuskipti.


Umrædd tillaga til þingsályktunar fjallar um að Alþingi feli ráðherra sem fer með málefni er varða orkumál og auðlindanýtingu að vinna að orkuskiptum með því að draga úr notkun jarðefnaeldsneytis og auka hlutdeild endurnýjanlegra orkugjafa sem hafi í för með sér orkusparnað, aukið orkuöryggi, gjaldeyrisparnað, minni staðbundna mengun og minni losun gróðurhúsalofttegunda. Með orkuskiptunum verði enn fremur stuðlað að aukinni nýsköpun og nýrri atvinnustarfsemi sem byggist á sjálfbærri þróun.

RARIK fagnar tillögunni og gerir ekki athugasemdir við hana, en bendir þó á ákveðin vandkvæði við að uppfylla eina grein tillögunnar.

RARIK vísar í grein C1 og bendir á að það kunnist að reynast fyrirtækinu erfitt að uppfylla ákvæði hennar um að 20% bifreiða í eigu fyrirtækisins verði vistvænar fyrir árið 2020. Ástæður þess eru fyrst og fremst þær að vegna starfa sinna við rekstur dreifikerfis raforku á landsbyggðinni hefur fyrirtækið þurft að stóla á öflugar vinnubifreiðar sem geta athafnað sig í rafmagnsleysi og þegar aðstæður til ferðalaga eru erfiðar öllum hefðbundnum bifreiðum. Bifreiðar þessar eru notaðar við vinnu utan þéttbýlis og jafnvel upp til fjalla við erfiðar aðstæður. Ekki er fyrirséð að innviðir fyrir vistvænar bifreiðar anni slíkum þörfum upp til fjalla og inn til dala á næstu þremur árum, eða að slíkar bifreiðar fái fyrir þessar þarfir. Endurnýjun RARIK á sérútbúnum bifreiðum á undanförunum árum hefur þó minnkað CO2 útblástur töluvert vegna umtalsvert minni olíueyðslu þeirra.

Varðandi þær bifreiðar sem notaðar eru við almennar aðstæður þá mun fyrirtækið endurnýja þær með vistvænni bifreiðum. Ljóst er þó að RARIK nær ekki að uppfylla ákvæði tillögunnar fyrir árið 2020 með reglubundinni endurnýjun þeirra.

Virðingarfyllt,
F.h. RARIK ohf.



Tryggvi Þór Haraldsson, forstjóri